



STÝRING BÍLASTÆÐA Á AKUREYRI

Innleiðing gjaldskyldu

09.04.2021



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

1552-068-SKY-001-V02

SKÝRSLUNÚMER / SÍÐUFJÖLDI

15

VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA

Pétur Ingi Haraldsson /
Tómas Björn Hauksson

VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Daði Baldur Ottósson

LYKILORD

Bílastæði, stýring bílastæði,
gjaldskylda.

STAÐA SKÝRSLU

- ☐ Í vinnslu
☒ Drög til yfirlestrar
☐ Lokið

DREIFING

- ☐ Opin
☒ Dreifing með leyfi verkkaupa
☐ Trúnaðarmál

TITILL SKÝRSLU

Stýring bílastæða á Akureyri

VERKHEITI

Stýring bílastæða – Innleiðing gjaldskyldu

VERKKAUPI

Akureyrarbær

HÖFUNDUR

Daði Baldur Ottósson

ÚTDRÁTTUR

ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Daði Baldur Ottósson	25.03.21	Tómas Björn Hauksson	29.03.21		
02	Daði Baldur Ottósson	08.04.21	Sigurður Örn Jónsson	09.04.21		

1 INNGANGUR

Á vormánuðum árið 2019 var Ásthildi Sturludóttur bæjarstjóra falið að setja af stað verkefni til að skoða umfang þess að innleiða gjaldheimtu á bílastæðum Bifreiðastæðasjóðs Akureyrarbæjar að beiðni meirihluta bæjarstjórnar. Í kjölfarið var skipaður verkefnahópur starfsfólks af skipulagssviði, fjársýslusviði og umhverfis- og mannvirkjasviði sem funduðu reglulega um málefnið.

Minnisblað verkefnahópsins var lagt fyrir skipulagsráð og umhverfis- og mannvirkjaráð í ársbyrjun 2020. Í kjölfarið var skipulagsstjóra falið að vinna tillögu að áætlun um innleiðingu á gjaldtöku bílastæða í samráði við umhverfis- og mannvirkjassvið. Vinna verkefnahóps lá niðri frá byrjun mars 2020 og fram á haustmánuði 2020 vegna heimsfaraldursins.

Breytingar voru á bæjarstjórn haustið 2020 og samkvæmt samstarfssáttmála bæjarstjórnar Akureyrarbæjar á að taka upp gjaldskyldu á bílastæðum í miðbænum sem er liður í því að stefna að sjálfbærum rekstri bæjarins. Vinna hófst þá að nýju þar sem verkefnahópurinn var endurskipulagður en með hópnum starfaði Daði Baldur Ottósson, ráðgjafi hjá Eflu verkfræðistofu. Tillögur að stýringu bílastæða voru kynntar í skipulagsráði og umhverfis- og mannvirkjaráði í lok nóvembermánaðar það sama ár.

Í ársbyrjun 2021 ákvað bæjarstjórn að halda áfram með verkefnið til samræmis við þær tillögur sem voru kynntar og til samræmis við samtarfssáttmálann og fundaði verkefnahópurinn sex sinnum í febrúar og mars. Í þessari greinargerð er lögð fram tillaga verkefnahópsins að stýringu bílastæða með gjaldtöku.

2 SAMATEKT – HELSTU TILLÖGUR

Tillögur hópsins að bættri stýringu bílastæða fela í sér að horfið verði frá því að notast einungis við tímatakmarkanir (klukkustæði) og þess í stað verði innleiddar verklagsreglur um ný gjaldsvæði og gjaldskrárbreytingar. Þá gerir hópurinn fyrstu tillögur að gjaldskrá gjaldskyldra bílastæða samkvæmt verklagsreglunum.

Markmiðin með tillögunum um bættu stýringu bílastæða á bæjarlandi eru eftirfarandi:

- Bæta lífsgæði og skapa tækifæri fyrir fjölbreyttari notkun bæjarlands, með því að stýra betur eftirspurn eftir bílastæðum.
- Draga úr umferð, umferðartöfum, útblæstri og hljóðmengun. Einnig að bæta umferðaröryggi fyrir aðra vegfarendur, með því að draga úr fjölda ökumanna sem aka um og leita að lausum bílastæðum.
- Styðja við verslun og fyrirtæki, með því að auðvelda viðskiptavinum (íbúum og ferðamönnum), þjónustuaðilum og gestum að finna laus bílastæði.

Í hnotskurn felur tillagan í sér eftirfarandi:

- Innleidd verði tvö gjaldsvæði í miðbæ Akureyrar þar sem í dag eru gjaldfrjáls klukkustæði
- Gjaldskyldutíminn taki að mestu mið af núverandi gildistíma klukkustæða og verði á virkum dögum ýmist frá kl. 10-16 eða kl. 10-18, byggt á viðkomandi gjaldsvæði.
- Verð gjaldskyldra bílastæða stuðli að því að bílastæðanýting á bæjarlandi sé um 85% sem samsvarar að ávallt verði 1 til 2 laus bílastæði á skilgreindu svæði eða götulegg.
- Gjaldskrá bílastæða megi breyta árlega byggt á gögnum sem safnað er reglulega.
- Setja megi kvöð um hámarkstíma ökutækja í bílastæðum til að tryggja að bílastæði við verslanir og þjónustu séu fyrst og fremst nýtt af viðskiptavinum sem sækja þjónustu til skemmri tíma.

Samhliða samþykkt ofangreindrar stefnu, leggur stýrihópur fram tillögu að breytingu á fyrirkomulagi og gjaldi fastleigustæða og innleiðingu gjalds fyrir íbúakort. Þessar breytingar kalla á endurskoðun samþykkt Bifreiðastæðasjóðs Akureyrarbæjar sem vinna þarf að samhliða innleiðingu.


3 FYRIRKOMULAG GJALDSKYLDRA BÍLASTÆÐA Í DAG

Bifreiðastæðasjóður Akureyrarbæjar var samþykktur árið 1993 og var gjaldskylda á bílastæðum til ársins 2005. Frá árinu 2005 var stýringu bílastæða breytt og hefur verið byggt upp að stærstum hluta af klukkustæðum í miðbæ Akureyrarbæjar. Leggja má bifreið í klukkustæði án gjalds í tiltekinn tíma frá 15 mín. til 2 klst. en tímatakmarkanir eru tilgreindar á skiltum við viðkomandi stæði. Skylt er að hafa bifreiðastæðaklukkuna í framrúðu bifreiðarinnar. Sýna skal með vísí á bifreiðastæðaklukkunni hvenær bifreið var lagt á stæðið. Einnig má notast við handskrifaðan miða ef klukka er ekki til staðar.

Íbúar með lögheimili innan afmarkaðs reits í miðbæ Akureyrarbæjar sem ekki hafa aðgang að bifreiðastæði innan lóðar, geta fengið íbúakort. Kortið veitir þeim heimild til að leggja bifreið sinni á nánar tilgreindum klukkustæðum innan þess svæðis.

Fyrir þá sem leggja bíl sínum reglulega í miðbænum yfir daginn, þá er í boði að kaupa hjá Bifreiðastæðasjóði svokölluð fastleigukort¹. Kortið er gefið út í ákveðinn tíma, hámark 1 ár í senn. Bifreið með gilt fastleigukort sýnilegt í framrúðu má leggja í fastleigustæði ótímabundið. Leggja má í hvaða fastleigustæði sem laust er í miðbænum en stæðin eru merkt með sérstökum skiltum. Handhafi fastleigukorts má nýta kortið í hvaða bifreið sem er en aðeins einni í einu. Korthafi þarf sjálfur að sjá um að endurnýja kortið þegar gildistími rennur út og fær þá nýtt kort með nýjum gildistíma.

Bifreiðum sem ganga fyrir umhverfisvænum orkugjöfum, s.s. rafmagni eða metani, má leggja í svokölluð græn stæði eða Vistorkustæði sem merkt eru með sérstöku skilti. Græn stæði voru fyrst útbúin árið 2015 og hingað til hafa bifreiðir fengið að standa ótímabundið í þeim. Yfirlit yfir staðsetningu klukkustæða, fastleigustæða, grænna stæða og afmörkun íbúakortasvæðis má sjá hér að neðan.



MYND 1 Yfirlit yfir staðsetningu og tegund bílastæða á Akureyri.

¹ Sjá núverandi gjaldskrá á heimasíðu Bifreiðastæðajóðs Akureyrarbæjar:
<https://www.akureyri.is/is/thjonusta/samgongur-og-umhverfi/bifreidastaedasjodur>

4 ENDURBÆTT FYRIRKOMULAG Á STÝRINGU BÍLASTÆÐA Í BÆJARLANDI

Með það að leiðarljósi að endurbæta núverandi fyrirkomulagi við stýringu bílastæða, auðvelda öikumönnum að finna bílastæði og styðja við markmið bæjarins, leggur verkefnahópurinn til að innleidd sé gjaldskylda á bílastæðum í stað klukkustæða. Lögð er til gagnadrifin stýring gjaldskyldra bílastæða sem lýst er betur hér að neðan.

Lagt er til að ný gjaldsvæði og gjaldskrá bílastæða stuðli að því að nýting bílastæða fari ekki yfir 85%, svo það sé a.m.k. eitt til tvö bílastæði laus í sérhverri götu. Lægsta mögulega verð verður notað til þess að ná þessu markmiði.

Forsenda fyrir nýjum gjaldsvæðum verður því að bílastæðanýting sé yfir 85% á þeim svæðum sem erfitt er að finna bílastæði. Þessi stefna leiðir einnig til þess að þar sem eftirspurn er mikil og þar sem fá bílastæði eru laus á annatíma, muni Akureyrarbær hækka verð til þess að stýra eftirspurninni. Slíkar verðhækkanir hvetja öikumenn til að dvelja skemur, til að leggja ökutækjum lengra í burtu þar sem gjald er lægra eða gjaldfrjálst, eða velja sér annan fararmáta. Þannig má opna fleiri bílastæði, auka bílaveltu stæða (e. parking turnover) og þar með þjóna fleiri notendum. Með sama hætti mun bærinn lækka verð bílastæða þar sem eftirspurn er lítil yfir daginn, til þess að hvetja til betri nýtingar. Gögnum verður safnað með reglulegum hætti líkt og tíðkast hefur til margra ára með mismundi aðferðum (í upphafi með handtalningum). Gæði gagnasöfnunar munu aukast með tíð og tíma eftir því sem tæknin tekur framförum.

Sama stefna var tekin upp hjá Reykjavíkurborg árið 2019 en almennt hefur sambærileg stefna um stýringu bílastæða verið útfærð í mörgum borgum og bæjum erlendis.

5 NIÐURSTÖÐUR OG TILLÖGUR

Verkefnahópur um stefnumörkun í bílastæðamálum leggur til eftirfarandi tillögur um bætta stýringu bílastæða á bæjarlandi sem verður lýst nánar í næstu undirköflum hér á eftir.

- 5.1 Verklagsreglur um innleiðingu nýrra gjaldsvæða á bæjarlandi Akureyrarbæjar
- 5.2 Verklagsreglur um verðbreytingar gjaldsvæða á bæjarlandi Akureyrarbæjar
- 5.3 Tillaga að gjaldskrá og gjaldsvæðum
- 5.4 Tillaga að endurskoðuðum reglum um íbúakort
- 5.5 Tillaga að endurskoðuðum reglum um fastleigustæði

Að auki þá má finna í lok greinargerðar stutta umfjöllun um eftirfarandi:

- 5.6 Vistorkustæði (græn stæði) og rafmagnshleðslustæði innan gjaldsvæða
- 5.7 Hvernig innleiðing gjaldskyldu samræmist reglugerð um stæðiskort hreyfihamlaðra
- 5.8 Samþykkt um Bifreiðastæðasjóð Akureyrarbæjar

5.1 Verklagsreglur um innleiðingu nýrra gjaldsvæða á bæjarlandi Akureyrarbæjar

Lagðar eru til eftirfarandi verklagsreglur um innleiðingu nýrra gjaldsvæða á bæjarlandi Akureyrarbæjar en þær eru byggðar á verklagsreglum Reykjavíkurborgar.

VERKLAGSREGLUR um innleiðingu nýrra gjaldsvæða á bæjarlandi Akureyrarbæjar

1. Tilgangur og gildissvið

- 1.1. Tilgangur þessara verklagsreglna er að tryggja að gagnsætt og opið verklag sé viðhaft við skilgreiningu nýrra gjaldsvæða fyrir bílastæði á bæjarlandi Akureyrarbæjar. Reglur þessar gilda fyrir öll bílastæði á bæjarlandi og á lóðum í eigu Akureyrarbæjar.

2. Orðskýringar

- 2.1. *Gjaldskyld bílastæði* er bílastæði merkt sem slíkt, þar sem innheimt er gjald skv. gjaldskrá gjaldskyldra bílastæða á Akureyri.
- 2.2. *Gjaldsvæði* afmarkar svæði gjaldskyldra bílastæða. Sérhvert gjaldsvæði getur haft mismunandi verð, gjaldskyldutíma og kvaðir um hámarkstíma. Ný gjaldsvæði eru innleidd samkvæmt verklagsreglum þessum. Verði, gjaldskyldutíma og kvöðum um hámarkstíma gjaldsvæða er breytt samkvæmt verklagsreglum um verðbreytingar gjaldsvæða á bæjarlandi Akureyrarbæjar.
- 2.3. *Gjaldskrá gjaldsvæða* á bæjarlandi Akureyrarbæjar gildir fyrir gjaldskyld bílastæði. Sjá nánar lið nr. 4.
- 2.4. *Gjaldskyldutími* er sá tími dags sem gjaldskylda er í gildi og getur verið breytilegur eftir gjaldsvæðum.
- 2.5. *Íbúakortasvæði* er gjaldsvæði þar sem íbúakort gilda, sbr. reglur um bílastæðakort íbúa Akureyrarbæjar.
- 2.6. *Íbúakort* veitir heimild til að leggja bifreið án endurgjalds í gjaldskyld bílastæði innan þess gjaldsvæðis sem íbúakortið tekur til, sbr. reglur um bílastæðakort íbúa Akureyrarbæjar.

3. Markmið

- 3.1. Að stuðla að fjölbreyttri notkun bílastæða í bæjarlandi með því að stýra eftirspurn eftir bílastæðum og styðja þannig við þjónustuaðila, gesti og íbúa.

4. Gjaldsvæði og gjaldskrá

- 4.1. Akureyrarbær innheimtir gjöld fyrir notkun bílastæða á gjaldsvæðum sbr. gjaldskrá gjaldskyldra bílastæða Akureyrarbæjar. Gjaldskrá er endurskoðuð reglulega. Yfirlit yfir staðsetningu, tegund og gjöld gjaldsvæða er aðgengilegt á vef Akureyrarbæjar: **Hlekkur á vefsvæði.**

5. Innleiðing nýrra gjaldsvæða

- 5.1. Hagsmunaaðilar staðsettir við tiltekna götu/lóð, s.s. fyrirtæki, stofnanir, hagsmunasamtök og íbúar, geta óskað eftir því að innleitt verði nýtt gjaldsvæði með því að senda inn beiðni til Akureyrarbæjar á netfangið **bilastaedasjodur@akureyri.is**. Í beiðninni skal rökstyðja þörf á gjaldskyldu bílastæða og lýsa vandamálum sem snúa að bílastæðum fyrir íbúa/gesti/þjónustuaðila.
- 5.2. Akureyrarbær getur lagt til að skilgreint verði nýtt gjaldsvæði án þess að beiðni liggi fyrir og skal þá fylgja sama verklagi hér að neðan.
- 5.3. Við mat á innleiðingu nýrra gjaldsvæða safnar Akureyrarbær upplýsingum um bílastæðanýtingu á viðkomandi svæði yfir mismunandi tíma dags.
- 5.4. Við ákvörðun á innleiðingu nýrra gjaldsvæða er horft til þess að:
- a) bílastæðanýting sé að jafnaði yfir 85% á þeim tímum sem eftirspurn er í hámarki svo tilefni sé til að stofna nýtt gjaldsvæði, eða
 - b) ef Akureyrarbær metur sem svo að innleiðing á nýju gjaldsvæði sé mikilvægur liður í að ná markmiðum sem tilgreind eru í 3. gr.

6. Ákvörðun á verði og gjaldskyldu nýrra gjaldsvæða

- 6.1. Akureyrarbær metur verð og gjaldskyldutíma bílastæða innan nýrra gjaldsvæða hverju sinni, sbr. verklagsreglur um verðbreytingar gjaldsvæða á bæjarlandi Akureyrarbæjar.

7. Skyldur Akureyrarbæjar

- 7.1. Samþykki Akureyrarbær að innleiða nýtt gjaldsvæði eru hagsmunaaðilar upplýstir um mörk gjaldsvæðisins, gjaldskrá og hvort íbúar innan gjaldsvæðisins eigi kost á íbúakorti, sbr. reglur um bílastæðakort íbúa Akureyrarbæjar.
- 7.2. Samþykki Akureyrarbær ekki að stofna nýtt gjaldsvæði, skal tilkynna viðkomandi umsækjanda (sbr. grein 5.1) um niðurstöður þess efnis.
- 7.3. Við innleiðingu nýrra gjaldsvæða skal Akureyrarbær:
- a) annast uppsetningu skilta, tryggja greiðsluleiðir og viðhalda bæjarlandi.
 - b) veita upplýsingar um gjaldskrá, gjaldsvæði, íbúakortasvæði, greiðslumöguleika og upplýsingar um stöðvunarbrot á vefsíðu bæjarins: <https://www.akureyri.is/is/thjonusta/samgongur-og-umhverfi/bifreidastaedasjodur>

8. Endurskoðun

- 8.1. Akureyrarbær áskilur sér rétt á að endurskoða verklagsreglur um fjölgun gjaldsvæða á bæjarlandi Akureyrarbæjar árlega, með hliðsjón af reynslu og nýjum upplýsingum.

5.2 Verklagsreglur um verðbreytingar gjaldsvæða

Lagðar eru til eftirfarandi verklagsreglur um verðbreytingar gjaldsvæða á bæjarlandi Akureyrarbæjar en þær eru byggðar á verklagsreglum Reykjavíkurborgar.

VERKLAGSREGLUR um verðbreytingar gjaldsvæða á bæjarlandi Akureyrarbæjar

1. Tilgangur og gildissvið

- 1.1. Tilgangur þessara verklagsreglna er að tryggja að gagnsætt og opið verklag sé viðhaft við verðbreytingar gjaldsvæða bílastæða á bæjarlandi Akureyrarbæjar. Reglur þessar gilda fyrir öll gjaldskyld bílastæði á bæjarlandi og gjaldskyld bílastæði á lóðum í eigu Akureyrarbæjar.

2. Orðskýringar

- 2.1. *Gjaldskylt bílastæði* er bílastæði merkt sem slíkt, þar sem innheimt er gjald skv. gjaldskrá gjaldskyldra bílastæða Akureyrarbæjar.
- 2.2. *Gjaldsvæði* afmarkar svæði gjaldskyldra bílastæða. Sérhvert gjaldsvæði getur haft mismunandi verð, gjaldskyldutíma og kvaðir um hámarkstíma og er breytt samkvæmt verklagsreglum þessum. Ný gjaldsvæði eru innleidd samkvæmt verklagsreglum um innleiðingu nýrra gjaldsvæða á bæjarlandi Akureyrarbæjar.
- 2.3. *Gjaldskrá gjaldsvæða* á bæjarlandi Akureyrarbæjar gildir fyrir gjaldskyld bílastæði. Sjá nánar lið nr. 4.
- 2.4. *Gjaldskyldutími* er sá tími dags sem gjaldskylda er í gildi og getur verið breytilegur eftir gjaldsvæðum.
- 2.5. *Hámarkstími* eru tímatakmörk sem gilda um það hversu lengi má leggja ökutæki hverju sinni innan gjaldsvæðis.
- 2.6. *Íbúakortasvæði* er gjaldsvæði þar sem íbúakort gilda, sbr. reglur um bílastæðakort íbúa Akureyrarbæjar.
- 2.7. *Íbúakort* veitir heimild til að leggja bifreið án endurgjalds í gjaldskylt bílastæði, innan þess gjaldsvæðis sem íbúakortið tekur til, sbr. reglur um bílastæðakort íbúa Akureyrarbæjar.

3. Markmið

- 3.1. Að stuðla að fjölbreyttri notkun bílastæða í bæjarlandi með því að stýra eftirspurn eftir bílastæðum og styðja þannig við þjónustuaðila, gesti og íbúa.

4. Gjaldsvæði og gjaldskrá

- 4.1. Akureyrarbær innheimtir gjöld fyrir notkun bílastæða á gjaldsvæðum sbr. gjaldskrá gjaldskyldra bílastæða Akureyrarbæjar. Gjaldskrá er endurskoðuð a.m.k. árlega. Yfirlit yfir staðsetningu, tegund og gjöld gjaldsvæða er aðgengilegt á vef Akureyrarbæjar: **Hlekkur á vefsvæði**.

5. Verðbreytingar gjaldsvæða

- 5.1. Ákvarðanir um verðbreytingar gjaldsvæða skulu byggja á viðmiðum um ákjósanlega bílastæðanýtingu.
- 5.2. Ákjósanleg bílastæðanýting í sérhverri götu og/eða lóð í eigu bæjarins er að jafnaði á bilinu 60-85%.
- 5.3. Gögnum um bílastæðanýtingu innan gjaldsvæða skal vera safnað a.m.k. árlega.
- 5.4. Byggt á gögnum um *bílastæðanýtingu* gildir eftirfarandi fyrir sérhverja götu/lóð innan gjaldsvæða:
 - 5.4.1. Ef bílastæðanýting mælist yfir 85%:
 - a) Verð er hækkað í næsta verðflokk skv. gjaldskrá, og/eða
 - b) Settar eru kvaðir um hámarkstíma
 - 5.4.2. Ef bílastæðanýting mælist undir 60%:
 - a) Verð er lækkað í næsta verðflokk skv. gjaldskrá

- 5.4.3. Ef bílastæðanýting mælist á milli 60-85% er verð gjaldskyldra bílastæða óbreytt.
- 5.5. Undantekningarnar á því að fylgt sé verklagi í grein 5.4 eru eftirfarandi:
- a) Fyrirhugaðar breytingar á verði, gjaldskyldutíma eða kvöðum á hámarkstíma í nærliggjandi götu/götum eru taldar geta haft áhrif á nýtingu bílastæða, eða
 - b) Núverandi/fyrirhugaðar framkvæmdir eða skipulagsbreytingar hafa áhrif á nýtingu bílastæða, eða
 - c) Talin er þörf á að stuðla að skýrari samfellu gjaldsvæða. Við þær aðstæður getur Akureyrarbær metið sem svo að tiltekin gata/lóð beri sama verð/hámarkstíma/gjaldskyldutíma og nærliggjandi götur.

6. Skyldur Akureyrarbæjar

- 6.1. Við breytingar á gjaldskrá, skal Akureyrarbær:
- a) Annast uppfærslu skilta, gjaldmæla og greiðslukerfa
 - b) Uppfæra upplýsingar um gjaldskrá á vefsíðu bæjarins:
<https://www.akureyri.is/is/thjonusta/samgongur-og-umhverfi/bifreidastaedasjodur>.

7. Endurskoðun

- 7.1. Akureyrarbær áskilur sér rétt á að endurskoða verklagsreglur um verðbreytingar gjaldsvæða bílastæða á bæjarlandi árlega, með hliðsjón af reynslu og nýjum upplýsingum.

5.3 Tillaga að gjaldskrá og gjaldsvæðum

Við móttun á nýrri gjaldskrá var tekið mið af núverandi klukkustæðum, en eins var horft til rannsókna og fyrirkomulagi á gjaldskrá bílastæða í Reykjavík sem og í nokkrum erlendum borgum. Gjaldskráin samanstendur af eftirfarandi þáttum:

- a) **Þrír verðflokkar:** Með þremur verðflokkum er hægt stýra betur eftirspurn bílastæða. Þar sem eftirspurn bílastæða er að jafnaði mikil er verðið hærra, en þar sem hún er minni er verðið lægra. Gögnum sem hefur verið safnað um bílastæðanýtingu gjaldskyldra stæða sýna að nýting bílastæða í miðbæ Akureyrar mælist bæði yfir 85% og undir 60%. Það gefur til kynna að forsendur séu fyrir bæði lægra og hærra verði til að mæta og stýra eftirspurn.
- b) **Sveigjanlegur gjaldskyldutími:** Gögn um bílastæðanýtingu sem hefur verið safnað aftur til ársins 2017 gefa til kynna bílastæðanýting mælist oft yfir 85% eftir að gildistíma klukkustæða lýkur á virkum dögum á nokkrum götum/lóðum. Það gefur til kynna að forsendur séu fyrir lengri gjaldskyldutíma, sérstaklega þar sem verslanir og veitingastaðir eru enn með starfsemi í gangi á kvöldin til að auðvelda viðskiptavinum að finna laus bílastæði. Þar af leiðandi er lagt er til að gjaldskyldutími verði sveigjanlegur, þ.e. að bæði sé hægt að lengja og stytta gjaldskyldutímamann eins og þörf er á til að stýra betur eftirspurn eftir bílastæðum.

5.3.1 Verðflokkar

Með ofangreind atriði að leiðarljósi er lagt er til að ný gjaldskrá samanstandi af þremur verðflokkum, sbr. töflu 1 og mun hvert gjaldsvæði þannig falla í einn af þessum verðflokkum á hverjum tíma. Lagt er til að verðflokkar séu byggðir á heilu hundraði, en þannig verður gjaldskráin skýrari og verðsamanburður á milli gjaldsvæða einfaldari fyrir notendur.

TAFLA 1 Tillaga að verðflokkum gjaldsvæða.

VERÐFLOKKUR	VERÐ (KR/KLST)
1	400
2	200
3	100

5.3.2 Gjaldskyldutími

Lagt til að gjaldskyldutími bílastæða taki mið af þeirri flokkun sem tilgreind er í töflu 2. Lagt er til að tími gjaldskyldu hefjist kl. 10.00 á öllum gjaldsvæðum líkt og gildir um upphafstíma klukkustæða í dag, en geti ýmist endað klukkan 16.00 eða 18.00. Að auki er lagt til að hafa gjaldfrjálst um helgar, svipað og er með klukkustæðin í dag.

Mikilvægt er þó að hafa í huga að nokkuð einfalt sé fyrir notendur að skilja hvar gjaldskyldutími er lengri/styttri. Meðal leiða til þess er að tengja tíma gjaldskyldu við mörk og/eða verðflokk gjaldsvæða og tryggja einnig góðar skiltamerkingar.

TAFLA 2 Tillaga að gjaldskyldutímum gjaldsvæða.

FLOKKAR GJALDSKYLDUTÍMA	TÍMI DAGS VIRKIR DAGAR
a	10:00 – 16:00
b	10:00 – 18:00
c	10:00 – 20:00

5.3.3 Gjaldskrá og gjaldsvæði


Við innleiðingu nýrra gjaldsvæða bílastæða í landi Akureyrabæjar og ákvörðunum um verð þeirra var notast við framangreindar verklagsreglur (kafli 5.1 og 5.2) og notast við þá verðflokka og gjaldskyldutíma sem koma fram í töflum 1 og 2.

Ákveðið var að nærri öll stæði sem í dag eru klukkustæði yrðu gjaldskyld, enda slíkt liður í að ná markmiðum bæjarins í verklagsreglum um innleiðingu nýrra gjaldsvæða (sbr. grein 5.4b). Bílastæði sem í dag eru klukkustæði en lenda utan gjaldsvæða verða gjaldfrjáls.

Við ákvörðun á skiptingu gjaldsvæða, val á verðflokki og gjaldskyldutíma var notast við viðmið um að ákjósanleg bílastæðanýting verði að jafnaði á bilinu 60-85% á þeim tímum sem gjaldskylda er í gildi. Notast var við gögn um bílastæðanýtingu sem hefur verið safnað reglulega á virkum dögum 2018 og 2019 á öllum klukkustæðum í miðbænum, ásamt því að notast við talningu sem framkvæmd var í júní 2020. Byggt á bílastæðanýtingunni var ákveðið að skilgreina tvö gjaldsvæði – þar sem nýtingin mældist að jafnaði hæst var notast við hærra verð (200 kr./klst.) en á öðrum svæðum þar sem ákveðið var að notast við lægsta verðflokkinn (100 kr./klst.). Að auki er lagt til að innleiða tveggja klst. hámarkstíma í nokkrum götum. Tillögu að gjaldskrá má sjá í töflu 3 og skilgreiningu gjaldsvæða og 2-klst. hámarkstímasvæða má sjá nánar á mynd 2.

TAFLA 3 Tillaga að gjaldskrá fyrir bílastæði innan gjaldsvæða P1 og P2.

Gjaldsvæði	Verð (kr./klst.)	Gjaldskyldutími	
		Virkir dagar	Helgar
Svæði P1	200	10:00 – 18:00	-
Svæði P2	100	10:00 – 16:00	-



MYND 2 Yfirlit yfir tillögu að innleiðingu gjaldsvæða og svæða með tveggja klst. hámarkstíma.

5.4 Tillaga að breytingum á reglum um íbúakort

Innleiðing á gjaldskyldum bílastæðum hafa takmörkuð áhrif á íbúa innan íbúakortasvæða þar sem lagt er til að íbúar munu enn hafa aðgang að íbúakorti sem veitir heimild til að leggja bifreið án endurgjalds í gjaldskyld bílastæði (í stað klukkustæða) innan þess svæðis sem íbúakortið tekur til. Fyrirkomulag íbúakorta mun í sjálfu sér haldast óbreytt. Aftur á móti er lagt til að innheimt sé umsýslugjald fyrir íbúakortið sem nemur kr. 6.000 fyrir árið og er þannig í samræmi við fyrirkomulag íbúakorta í Reykjavík þar sem gjaldið er kr. 8.000 fyrir árið.

Hér fyrir neðan er tillaga að breytingum á reglum um íbúakort en aðeins þarf að breyta orðalagi í 1. grein reglnanna (sjá yfirstrikun/skáletraðan texta). Þá eru einnig lagðar til breytingar í tengslum við umsókn íbúakorta en ferlið hefur verið fært yfir á rafrænt form en hefur ekki verið uppfært í reglunum. Samhliða þessum breytingum, þá þarf að setja fram gjaldskrá fyrir gjaldi íbúakorta.

Bifreiðastæðasjóður Akureyrar

Reglur um íbúakort


1. Íbúar með lögheimili innan afmarkaðs reits á meðfylgjandi uppdrætti sem ekki hafa aðgang að bifreiðastæði innan lóðar eða geta á auðveldan hátt útbúið það, geta fengið íbúakort. Kortið veitir þeim heimild til að leggja bifreið sinni á nánar tilgreindum ~~klukkustæðum~~ *gjaldskyldum bílastæðum* innan þess svæðis sem kortið gildir fyrir.
2. Kortin eru afhent þinglýstum íbúðareigendum sem eiga lögheimili á hinum merktu svæðum. Leigjandi sem hefur lögheimili í íbúð á svæðinu getur fengið íbúakort með því að framvísa þinglýstum leigusamningi. Ef um skólafólk er að ræða þá þarf að skila inn staðfestingarvottorði frá skóla (ekki gerð krafa um lögheimili).
3. Aðeins má skrá eitt kort á hverja íbúð. Á kortið skal vera skráð bílnúmer (þó ekki fleiri en tvö), kortanúmer og gildistími. Ef korthafi skiptir um bíl á gildistímanum þarf hann að sækja um nýtt kort.
4. Sækja má um íbúakort hjá Bifreiðastæðasjóði Akureyrar, ~~Geislagötu 9, 600 Akureyri~~, á sérstöku umsóknareyðublaði *í þjónustugátt á vef Akureyrarbæjar www.akureyri.is undir Umsóknir – Bifreiðastæði.*
5. Gildistími korts er eitt ár í senn. Fyrir leigjendur gildir kortið út leigutímann ef hann er styttri en eitt ár. Fyrir skólafólk gildir kortið út skólatímabilið.
6. Ef handhafi íbúakorts flytur lögheimili út af svæðinu fellur kortið úr gildi.
7. Misnotkun kortsins, svo sem framsal til annarra, flutningur á milli bíla eða upprunalegri áritun korts er breytt, varðar missi kortsins á eftirstandandi gildistíma þess.

5.5 Tillaga að breytingum á fastleigustæðum

Líkt og kom fram í kafla 3 þá eru í boði fastleigukort sem eru gefin út í að hámark 1 ár í senn og eru ætluð til notkunar fyrir starfsmenn sem starfa á svæðinu. Fastleigukort kosta í dag 5.923 kr./mán en veittur er afsláttur þegar keypt er kort í heilt eða hálft ár. Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

- Að fastleigustæði verði ekki lengur sérmerkt, rétt eins og gildir um íbúakort, heldur verði skilgreind fastleigusvæði, sjá staðsetningar á mynd 3. Fastleigukort munu því halda áfram að gilda á sama svæði og finna má fastleigustæði í dag, en með þessari breytingu er tryggt að bílastæði geti verið samnýtt með öðrum gestum og viðskiptavinum sem leggja leið sína í miðbæinn á bíl.
- Að gjald fastleigustæða taki mið af því gjaldsvæði sem þau eru staðsett. Lagt er til að fastleigustæði á gjaldsvæði P1 kosti 12.000 kr./mán., og P2 kosti 6.000 kr./mán., en gjaldið miðast við 50% afslátt af verði tiltekins gjaldsvæðis yfir þann tíma þegar gjaldskyldutími er í gildi. Til samanburðar, þá kosta mánaðarkort í bílahúsum Reykjavíkur á bilinu 7.500-14.500 kr./mán sem fer eftir staðsetningu en Reykjavíkurborg býður ekki upp á mánaðarkort fyrir bílastæði á borgarlandi nema fyrir þá íbúa sem eiga réttindi til þess.

Áfram verða gjaldfrjáls bílastæði utan gjaldskyldu stæðanna í miðbæ Akureyrar og munu því starfsmenn, gestir og viðskiptavinir eiga kost á að nýta sér þau.



MYND 3 Tillaga að fastleigusvæði (og verði þeirra) þar sem fastleigustæðakort munu gilda.

5.6 Vistorkustæði (græn stæði) og rafmagnshleðslustæði

Bifreiðum sem ganga fyrir umhverfisvænum orkugjöfum, s.s. rafmagni eða metani, má leggja í svokölluð Vistorkustæði (græn stæði) sem merkt eru með sérstöku skilti og hingað til hafa slíkar bifreiðir fengið að standa ótímabundið í vistorkustæðum. Þá eru einnig nokkur bílastæði útbúin rafmagnshleðslu og eru merkt sem slík með skiltum og vegmerkingu. Með innleiðingu gjaldskyldra bílastæða er lagt til að gjaldtaka nái einnig til vistorkustæða og rafhleðslustæða þar sem þau lenda innan gjaldssvæða. Lagt er til að það sama gildi um tímatakmarkanir þ.e. lendi stæðin innan tilgreindra svæða með hámarkstíma þá muni hámarkstími einnig gilda um vistorku- og rafhleðslustæði.

Miðað við ofangreindar tillögur að skilgreiningu gjaldssvæða þá verða aðeins tvö vistorkustæði innan gjaldssvæða við innleiðingu, en þau stæði eru staðsett á bílastæðalóð við Skipagötu. Þar sem engar tímatakmarkanir munu gilda á því svæði þá verður enn hægt að leggja ótímabundið í þau bílastæði, en gegn gjaldi.

5.7 Stæði hreyfihamlaðra

Á Akureyri má finna sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlaða og þarf að framvísa stæðiskorti fyrir hreyfihamlaða til þess að hafa heimild til að leggja í stæðin. Stæðiskortin veita einnig heimild til þess að leggja í öll önnur almenn bílastæði s.s. klukkustæði og eru handhafar stæðiskorta undanþegnir tímatakmarkunum.

Með innleiðingu gjaldskyldra bílastæða mun notkun og aðgengi að bílastæðum fyrir handhafa stöðukorta haldast óbreytt. Handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða mun verða heimilt að leggja ökutæki í gjaldskyld bílastæði án greiðslu.

Vert er að benda á að það eru lögreglustjórar (sýslumenn utan Reykjavíkur) sem gefa út stæðiskort fyrir hreyfihamlaða, en frekari reglur og upplýsingar um útgáfu og notkun stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða má nálgast í reglugerð innanríkisráðuneytisins².

5.8 Endurskoðun á samþykkt um Bifreiðastæðasjóð Akureyrarbæjar

Með innleiðingu gjaldskyldra bílastæða er þörf á að uppfæra samþykkt um Bifreiðastæðasjóð þar sem m.a. þarf að uppfæra orðalag í tengslum við greiðsluleiðir, verklag, stjórnsýslu og fleiri sambærileg atriði. Lagt er til að það verði gert samhliða innleiðingu á nýrri stýringu bílastæða með gjaldskyldu.

² Reglugerð um útgáfu og notkun stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, nr. 1130/2016. Reglugerð er aðgengileg á vefsíðunni reglugerd.is: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/domsmalaraduneyti/nr/20356>